

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, íbúðarsvæði við Mjósund/Austurgötu.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. september 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að vesturhorn stofnanasvæðis S19, við Austurgötu 37/Mjósund 10, breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 21. september 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REGLUR

um stærð og frágang minnismarkja í umdæmi kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Reglur þessar taka til allra minnismarkja í skilningi laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, sbr. einnig 3. gr. þessara reglna og skulu hafa gildi innan umdæmis kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

Stjórn kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma fer með framkvæmd þessara reglna. Stjórnin má fela garðyrkjustjóra framkvæmd einstakra þátta.

2. gr.

Markmið reglnanna er að tryggja að legsteinar séu settir niður á grafreiti með samræmdum og skipulögðum hætti. Jafnframt setja reglur þessar stærðar- og umfangsmörk minnismarkja á grafreitum.

Ekki má setja girðingar úr steini, málm, timbri, plasti eða sambærilegu efni um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti. Þá er ekki heimilt að reisa grafhýsi.

3. gr.

Í reglum þessum gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Minnismarki: Samheiti fyrir legsteina, krossa o.fl., sem reist eru á grafreitum.

Legsteinn: Minnismarki úr steini sem ber nafn eða nöfn þeirra er hvíla í grafreit og grafskrift.

Púltsteinn: Ferkantaður legsteinn sem liggur láréttur á jörðu og með skáhallandi leturfleti með nöfnum og grafskrift.

Náttúrusteinn: Legsteinn eða púltsteinn sem ekki hefur verið slípaður.

Platti: Niðurgrafin undirstaða legsteins úr járnbennti steinsteypu.

Undirsteinn: Undirstaða eða sökkull legsteins, oft úr sama efni og legsteinninn sjálfur og er lögð í jarðvegsyfirborð eða ofan á platta.

Grafreitur: Samheiti fyrir kistugrafstæði og duftgrafstæði.

Kistugrafstæði: Afmarkaður reitur í kirkjugarði sem úthlutað er af kirkjugarðsstjórn til aðstandenda til greftrunar látins einstaklings eða látinna einstaklinga.

Duftgrafstæði: Afmarkaður reitur í kirkjugarði sem úthlutað er af kirkjugarðsstjórn til aðstandenda til greftrunar á duftkerjum með ösku látins einstaklings eða látinna einstaklinga að lokinni líkbrennslu.

4. gr.

Þeir aðstandendur sem hyggjast setja minnismarki á grafreit skulu tilkynna það garðyrkjustjóra sem veitir slíkri tilkynningu viðtöku í umboði kirkjugarðsstjórnar. Uppsetning minnismarkja er alfarið á ábyrgð aðstandenda og á kostnað þeirra. Garðyrkjustjóri og starfsmenn hans skulu veita aðstandendum leiðbeiningar varðandi reglur þessar sé þess óskað.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að færa uppsetningu minnismarkja til samræmis við reglur þessar eftir að tilkynning hefur verið send aðstandendum um að þeim beri að færa minnismarki til réttis horfs. Í slíkri tilkynningu skal tilgreindur hóflegur frestur til þess að ljúka framkvæmdum. Aðstandendur skulu bera allan kostnað sem hlýst af tilfærslu legsteina sem ekki eru uppsettir í samræmi við reglur þessar.

II. KAFLI Kistugrafstæði.

5. gr.

Garðyrkjustjóri markar grafstæði og línu í þau sem miða skal bakhlið legsteins við. Legsteinar og undirstöður þeirra skulu ávallt vera innan marka grafstæðis.

Heimilt er að jarðsetja duftker í kistugrafstæði sem þegar hefur verið jarðsett í.

6. gr.

Hámarksbreidd legsteins á einfalt grafstæði er 0,8 metrar, að meðtöldum undirsteini, en 1,8 metrar ef legsteinn nær yfir tvö grafstæði. Nái legsteinn yfir fleiri en tvö grafstæði, skal þess gætt að steinninn fari ekki nær næstu grafstæðum til hvorrar handar en nemur 0,3 metrum. Hámarkshæð legsteins frá yfirborði jarðar er 1,7 metrar.

Allir legsteinar aðrir en púltsteinar skulu standa á platta. Til stuðnings legsteinum sem eru 1,4 metrar eða hærri er skylt að setja platta. Skal þykkt plattans vera a.m.k. 10 sentimetrar, sem næst ferhyrndur og skal hlutfallsleg stærð hans samsvara 0,5 fermetrum á hvern meter af hæð legsteinsins. Standi legsteinn á platta skal staðsetja legsteininn sem næst miðju plattans.

7. gr.

Skyld er að hafa jarðvegsskipti undir legstein. Skal grafa 0.45 metra undir jarðvegsyfirborð fyrir legstein og a.m.k. 0.2 metra út fyrir undirstöðu legsteins á alla kanta. Eftir að legsteini hefur verið komið fyrir skal leggja að frostfrítt efni og þjappa vel að legsteininum. Sömu aðferð skal beitt ef undirstaða legsteins er platti.

III. KAFLI Duftgrafstæði.

8. gr.

Garðyrkjustjóri markar duftgrafstæði og línu í þau sem miða skal bakhlið legsteins við. Legsteinar og undirstöður þeirra skulu ávallt vera innan marka grafstæðis.

Legsteinar á duftgrafstæðum skulu einkum vera púltsteinar. Staðsetja skal púltstein fyrir miðju grafstæðis við hina afmörkuðu línu fyrir bakhlið. Einnig er heimilt að setja náttúrustein á duftgrafstæði, enda liggi hann þá flatur og sé innan sömu stærðarmarka og púltsteinar, sbr. 4. mgr. hér að neðan.

Einfalt duftgrafstæði er að lágmarki 0,75 x 0,75 metrar, tvöfalt duftgrafstæði er 0,75 x 1,5 metrar og fjórfalt duftgrafstæði er 1,5 x 1,5 metrar.

Á einföldum og tvöföldum duftgrafstæðum mega púltsteinar vera allt að 0,5 x 0,4 x 0,2/0,1 metrar. Á fjórföldu duftgrafstæði er hámarksstærðin 0,6 x 0,6 x 0,2/0,1 metrar.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

9. gr.

Setja má trékross á alla grafreiti þar sem ekki er minnismerki. Trékrossar skulu vera úr gegnheilum fúavörðum við. Hámarkshæð trékrossa á kistugrafstæði er 1,3 metrar frá jörðu, en 0,3 metrar á duftgrafstæði.

10. gr.

Öll samskeyti á legsteinum eiga að vera límd saman. Nota skal viðurkennt þurrefni til slíkra líminga. Þegar legsteinar að viðbættum platta eru hærrí en 0,8 metrar skulu allar samsetningar vera teinaðar saman með ryðfríum stálteinum. Teinarnir límast inn í steinhlutina með tveggja þátta steinlími.

11. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að fjarlægja af grafreitum óviðeigandi girðingar og minnismerki í samræmi við 26. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993. Vandamönnum skal í slíkum tilvikum gert viðvart, sé þess kostur, og samráð haft við prófastana í Reykjavíkurprófastsdæmi.

12. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum skv. 52. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993.

13. gr.

Í sérstökum tilvikum getur kirkjugarðsstjórn heimilað aðrar gerðir minnismerkja en kveðið er á um í reglum þessum.

14. gr.

Rísi ágreiningur um túlkun þessara reglna má skjóta þeim málum til úrskurðar kirkjugarðaráðs innan þriggja mánaða frá ákvörðun kirkjugarðsstjórnar.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt tilsögn stjórnar kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma nr. 36/1993 með heimild í 51. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. september 2004.

Björn Bjarnason.

Hjalti Zóphóníasson.